

formaður í henni; eigið þér að senda dómsmálastjórn Vorri 1861.
 álitsskjal yðar og uppástungur. 20. septbr.

Eftir þessu eigið þér yður þegnlega að hegða. Felandi
 yður guði!

Skrifað í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn,
 20. dag septembermánaðar 1861.

Undir Voru konunglega innsigli.

(L. S.)

Eftir allramildilegustu boði hans hátignar konungsins.

Casse.

68. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir- 24. septbr.
 valdanna á Íslandi, um styrk til að gefa út þýð-
 ing yfir nokkra kafla úr nýja-testamentinu.

Eftir bænarskrá, er hingað kom með álitsskjali yðar, há-
 æruverðugi herra, dagsettu 13. júnímán. þ. á., hefir kirkju-
 og kennslustjórnin veitt Pètri prófessor Péturssyni og Sigurði
 Melsteð, prestaskólakennara í Reykjavík, 200 ríkisdala styrk til
 að gefa út þýðing yfir útvalda kafla úr nýja-testamentinu.

Þetta sé yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og
 til þess þér birtið það þeim, er hlut eiga að máli, og skal þess
 getið, að landfógetanum á Íslandi í dag hefir verið boðið að
 greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

69. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir- 26. septhr.
 valdanna á Íslandi, um réttan skilning á fjár-
 lögunum.

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, og þér háæruverð-
 ugi herra, með bréfi 1. maím. þ. á., senduð hingað reikning
 yfir gjöld hins lærða skóla í Reykjavík, fjárhagsárið 1860—61,
 skýrðuð þér frá, að ýms gjöld hafi greidd verið fram yfir
 þá upphæð, er fjárlögin heimila fyrir hvern gjaldlið; og hafð

1861. þær meðal annars getið þess, að til tímakennslu hafi verið var-
26. septbr. ið 1 rd. 24 sk. meiru, en ætlað hafi verið til hennar, en að
þær hafið hlutast til um, að þetta verði lagað í reikningi yfir-
standandi árs, á þann hátt, að þessir 1 rd. 24. sk. verði í
honum tilfært sem tekjur.

Í þessu efni lætur stjórnarráðið ekki hjá líða að tilkynna
yður, að slík aðferð, sem nú var getið, er óleyfleg, og að
ekki má fremur bæta úr því, að ofmikið hefir verið borgað af
einhverjum gjaldlið í fjárlögum undanfarandi árs, með því að
taka það, sem á hefir vantað, af sama gjaldlið í fjárlögum næsta
árs á eptir, heldur en verja megi því, sem sparað hefir verið
af einum gjaldlið í fjárlögum, annaðhvort til annara gjalda
sama árið, eður til sömu gjalda í næsta árs fjárlögum. Þegar
fjárhagsárið er liðið, má eigi lengur verja neinu af því fè, sem
veitt hefir verið í fjárlögum fyrir það tímabil, og það sem
orðið hefir afgang af hinum sérstöku gjaldliðum ber að álíta
beinlínis tekjur ríkissjóðsins, en hafi einhver gjaldliður í fjár-
lögum eigi hrokkið til, verður eptir á að fá veitt það fè, sem
framyfir hefir farið; en að öðru leyti er það vitaskuld, að eigi
má þannig fara fram yfir það, sem ákveðið er í fjárlögum,
nema svo sè ástatt, að til þess beri brýna nauðsyn.

28. septbr. **70. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir-
valdanna á Íslandi, um borgun embættislauna
fyrirfram.**

Af reikning þeim, er hingað kom með síðasta póstkípi, yfir
tekjur og gjöld prestaskólans og hins lærða skóla á Íslandi um
næstliðið fjárhagsár, hefir dómsmálastjórnin komiðt að raun um,
að þær, herra stiptamtmaður, og þær, háæruverðugi herra, hafið
veitt leyfi til, að Gísla skólakennara Magnússyni hafa verið greidd
fyrirfram embættislaun hans fyrir fjórðung árs eptir opnu bréfi
31. maím. 1855, 5. gr., með því skilyrði, að fè þetta yrði
aptur borgað á þann hátt, sem nákvæmar er ákveðið um í laga-
boði þessu.